

Skólanefnd Flúðaskóla.

Fyrsti fundur nýskipaðrar skólanefndar haldinn í Flúðaskóla 28. Ágúst 2014.

Mættir fundarmenn: Helgi Jóhannesson, ritaði fundargerð, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ingvar Hjálmarsson, Guðrún Pétursdóttir, Erla Björg Arnardóttir, Eygló Jósepsdóttir. Ásmundur Lárusson boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, gengið til dagskrár.

1 Hlutverk og verksvið skólanefnda. Formaður kynnti hlutverk og helstu verksvið skólanefnda sveitarfélaga.

2. Skýrsla skólastjóra.

Skólahald hefur farið vel af stað og við upphaf skólaárs eru 115 nemendur í skólanum og 29 starfsmenn.

Kennarar komu til starfa fimmtudaginn 14. ágúst og sátu námskeið um lesskilningsverkefnið Orð af orði sem er heiltæk aðferð í lesskilningi og markar upphaf þróunarverkefnis sem við erum að fara af stað með. Við sóttum um styrk til þróunarsjóðs grunnskóla og fengum styrk upp á 440 þús. sem dugar langleiðina fyrir námskeiðskostnaði. Allir kennarar skólans sitja þetta námskeið sem eru nokkrir dagar yfir veturinn með leiðsögn frá Guðmundi Engilbertssyni. Þess má geta að Flúðaskóli er fyrsti skólinn á Suðurlandi sem innleiðir aðferðina sem hefur reynst vel til að auka les- og málskilning nemenda.

Þriðjudaginn 19. ágúst var námskeið í námskrágerð í Mentor og stefnt er að því að héðan í frá námskrá skólans verði í Mentor.

Allir kennarar hafa fengið Ipad-mini til afnota, skólinn á einnig 13 Ipada til að nota í kennslu. Margt spennandi er í pípunum og kennarar á fullu að setja sig inn í spjaldtölvuvæðinguna svo hún nýtist sem jákvæð viðbót við önnur kennslutæki.

Starfsmannamál

24,18 stöðugildi við skólann skiptast sem hér segir:

Starf	Stjórnun	Kennsla	Húsvaersla	Stuðn.fulltr.	Skólasel	Ritari	Mötuneyti
Stöðugildi	2,25	15	0,6	3,28	0,3	0,5	2,25

Elín Jóna verður hjá okkur hálfan dag í viku til leiðbeiningar fyrir kennara um ýmis tölvutengd verkefni auk þess mun hún halda utan um þá þróunarvinnu við Ípada sem nú þegar er farin í gang.

Sigríður Helga Olgeirsdóttir sagði starfi sínu lausu í sumar og hefur Eygló Jósephsdóttir verið ráðin í hennar stað.

Jóhanna Lilja er í veikindaleyfi frá því í byrjun júní, hún kemur aftur að fullu til starfa í lok september, Skólastjóri og deildarstjóri hafa leyst hana af eftir því sem kostur er.

Þegar stjórnendur mættur til vinnu var ekki vinnhæft í húsnæðinu og þurftum við að fara úr húsi til að byrja undirbúning. Þegar kennarar mættu til vinnu var enn ekki hægt að komast að til að vinna í mörgum rýmum. Þetta er ekki ásættanleg aðkoma, sem skapaðist eftir því sem ég hef upplýsingar um, af því að verktakar luku ekki verkefnum á tilsettum tíma og enn er nokkuð óklárað utanhúss þannig að ennþá eru vinnuvélar og vinnupallar á skólalóðinni.

3. Framkvæmd skólastefnu.

Rætt um framkvæmd skólastefnu. Nefndarmenn skoða skólastefnuna fyrir næsta fund þar sem hafinn verður undirbúningur að aðgerðaáætlun fyrir framkvæmd skólastefnu.

4. Fastur fundartími. Rætt um að hafa skólanefndarfundi síðasta fimmtudag í mánuði kl. 15:00.

5. Önnur mál.

Hjálagt bréf frá starfsfólki Flúðaskóla.

Skólanefnd tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfinu og hvarmar það að ekki skyldi takast að ljúka framkvæmdum fyrir upphaf skólaársins.

Réttardagur.

Fræðslunefnd samþykkir að næsti réttardagur verði ekki skóladagur. Gerð verði könnun meðal foreldra hvort vilji sé fyrir því að kennt verði á réttardaginn í framtíðinni.